

Hverfisráð Hríseyjar

145. fundur

Þriðjudaginn 8. júní 2021 kl. 15:30 var haldinn 145. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir, Ólafur Búi Ólafsson og Rut Jónsdóttir forstöðumaður umhverfis- og sorpmála undir lið 1.

Dagskrá:

1. Framkvæmdafé

Fjarfundur með Rut Jónsdóttur, forstöðumanni umhverfis- og sorpmála, varðandi verkefni sem eru í vinnslu í tengslum við framkvæmdafé: stigi og sjósundaðstaða, skólalóðin, hátíðarsvæðið og fleira.

2. Tímabundin lokun Norðurvegjar framán við Hríseyjarbúðina

Hverfisráð óskar eftir samþykki fyrir því að gera tímabundna tilraun í sumar, að loka Norðurvegi framán við Hríseyjarbúðina, til að gæta að öryggi ungra vegfarenda og tengja hátíðarsvæðið betur við búðina. Á veginn framán við búðina viljum við að sett verði borð og bekkir og skapa skemmtilegan og fjölskylduvænan miðbæjarbrag á svæðið. Bílastæði verði sitt hvorum megin við lokunina. Teljum við slíka framkvæmd í samræmi við gildandi aðalskipulag Akureyrar þar sem kemur fram í kafla um eyjarnar Hrísey og Grímsey að stuðla skuli að fjölskylduvænu samfélagi, fellur vel að því að Akureyri er barnvænt sveitarfélag og er auk þess í takt við Cittaslow verkefnið. Óskað er eftir leyfi fyrir þessari tímabundnu lokun frá 17. júní til 8. ágúst.

3. Skipulagsmál

Hverfisráð óskar eftir upplýsingum frá skipulagssviði varðandi lausar íbúða- og atvinnulóðir í Hrísey til að gera upplýsingar um lausar lóðir betur aðgengilegar. Í framhaldi óskar hverfisráð eftir því að lausum íbúða- og atvinnulóðum verði fjölgað og að frekara átak verði gert varðandi sölu á lóðum fyrir íbúðarhúsnæði og að gatnagerðargjöld verði felld niður í stað þess 75% afsláttar sem verið hefur. Teljum við það meira hvetjandi fyrir mögulega lóðakaupendur ásamt því að gera Hrísey betur samkeppnishæfa nærliggjandi byggðakjörnum þar sem gatnagerðargjöld hafa verið felld niður við þegar tilbúnar götur á Árskógssandi, Hauganesi, Dalvík og Svarfaðardal.

4. Cittaslow

Hverfisráð hefur fengið til yfirlestrar fyrstu drög að umsókn Hríseyjar að Cittaslow samtökunum sem Ingibjörg Zophoniasdóttir þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey hefur unnið að undanfögnu. Áætlað er að umsóknin verði send inn á næstu vikum og svo unnið áfram með verkefnið eftir sumarið og næstu skref kynnt fyrir íbúum.

5. Önnur mál

- a. Hverfisráð leggur áherslu á að þorpið verði snyrtilegt í sumar og að upplifun íbúa og ferðafólks verði áfram sú að Hrísey er snyrtilegt sjávarþorp sem gaman er að búa í og heimsækja. Hefur ráðið hug á að skipuleggja vinnudag eða -helgi til að leiða saman krafta íbúa við að snyrta svæði sem þarfnast fegrunar, svo sem gönguleiðina, hátíðarsvæðið og hafnarsvæðið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:40

Ingólfur Sigfússon
Júlía Mist Almarsdóttir
Ólafur Búi Ólafsson

Fundargerð rituð af Ingólfi Sigfússyni